



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Velferðarnefnd
sigrunhelga@althingi.is

Kópavogi, 6.3.2023

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til sóttvarnarlaga, 529 mál.

Útlendingastofnun hefur yfirfarið frumvarp til sóttvarnarlaga og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

32. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. 32. gr. er heimild fyrir lögreglustjóra til að vísa útlendingi frá landi ef hann verður ekki við fyrirmælum sem ráðherra hefur heimilað skv. 29. og 30. gr. frumvarpsins. Vísast til þess að málsmeðferð fari að öðru leyti skv. lögum um útlendinga.

Útlendingastofnun vekur athygli á því að með nýsamþykktum lögum um landamæri nr. 136/2022 var gerð breyting á k-lið 1. mgr. 106. gr. laganna á þá leið að orðinu „almannaheilbrigði“ var bætt við. Að mati Útlendingastofnunar væri skýrara að í 2. mgr. 32. gr. væri vísað til þessa ákvæðis t.d. með eftirfarandi hætti: *Lögreglustjóra er heimilt að vísa útlendingi, sem ekki er búsettur hér á landi, frá landi í samræmi við k-lið 1. mgr. 106. gr. laga um útlendinga ef hann neitar að verða við fyrirmælum um ráðstofanir sem ráðherra hefur heimilað skv. 29. eða 30. gr. eða í ljós kemur að hann hefur ekki fylgt þeim.*

Virðingarfyllst,

F.h. Útlendingastofnunar

Sigurbjörg Rut Hoffritz